

Skólaslit 2019.

Ræða skólameistara

Heiðraða samkoma. Við hefjum þessa athöfn að venju á því að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, texta Einars Benediktssonar **Til fánans** við lag Björgvins Guðmundssonar.

Undirleikari er Eyrún Jónasdóttir, kórstjóri skóla vors.

Skólasöngurinn - Til fánans.

Ágætu verðandi nýstúdentar og fjölskyldur, starfsmenn, júbílantar og aðrir gestir.

Ég vænti þess að tal mitt berist vel þar sem gjöf frá mörgum júbílantaárgöngum þessa árs, hátalarakerfið glæsilega hér í salnum, er nýtt nú fyrsta sinni. Það er gott þegar vel heyrir í manni ☺

Menntamál og starfsemi í framhaldsskólum eru í eðli sínu síbreytileg, í stöðugri þróun. Hún stöðvast aldrei, það er ekki svo að hægt sé að setjast niður á klöpp í fjallgöngunni, horfa yfir landslagið og segja: “Þetta er gott”. Það má stöðugt bæta, sífellt er þörf á að aðlaga nám og kennslu þróun samfélagsins og atvinnulífsins. Okkur ber að undirbúa nemendur undir þátttöku í samfélagi sem er í sífelldri þróun. Í nýrri námskrá framhaldsskóla er tók gildi 2015 er öðru fremur horft til grunnþáttanna Læsi, Sjálfbærni, Lýðræði og mannréttindi, Jafnrétti, Heilbrigði og velferð og svo Sköpun. Allt nám og öll kennsla í nýju

Þriggja ára kerfi ber keim af þessum grunnþáttum, í öllum námsgreinum. Það er vandi að breyta áherslum og kennsluaðferðum svo vel takist til í þessum efnum. Reynt hefur á faglega nálgun kennara skólans í því að innleiða nýju námskrána, að vinna um leið að styttingu náms til stúdentsprófs enda tengdum við hér í ML grunnþættina, styttinguna og breytt vinnulag í námi og kennslu skýrt saman frá upphafi í breytingferlinu. Í nýju kerfi eru nemendur að jafnaði í sjö áföngum á önn, utan heilsuáfanga/íþróttu, miðað við sex áfanga þegar fjögurra ára kerfið var við líði. Ætla má að vegna fjölda áfanga að álag sé meira en áður, en ný námskrá miðar við mat á vinnu nemenda að baki áföngum en ekki fjölda kennslustunda. En breyting þessi bíður upp á aukinn sveigjanleika í námi og kennslu. Þó ætla megi að álag sé meira, má færa fyrir því rök að svo sé ekki endilega. Álagið er öðruvísi. Vinnan er jafnari og þéttari, námið er verkefnamiðaðra en áður var og símat er stór þáttur námsmats. Jafnhliða þessari breytingu er staðreynd að brottfall er minna. Ekki vegna þess að kröfur hafi minnkað heldur öllu frekar vegna þess að nálgunin, aðferðin, hentar fleiri nemendum betur.

Ég verð að segja: Afskaplega höfum við staðið okkur vel í þessari þróun, í þessari innleiðingu. Málin hafa verið rædd í þaula, ótaldir fundir hafa verið haldnir, fjölmennir sem fámennir, rýnt í innihald áfanga, eitt tekið út og annað sett inn, nýir áfangar litið dagsins ljós, aukið val nemenda á þriðja ári orðið að raunveruleika .. og svo mætti lengi telja. Ég er afar stoltur af kennurum skólans yfir því hvað nálgun

þeirra var fagleg og hvað samstaðan var mikil. Við rérum í takt, skútan hefur haldið góðu stími

Fjórða iðnbyltingin hefur kallað á breytingar sem sér ekki fyrir endann á. Nám og kennsla eru orðin mjög stafræn, verkefnaskil að mestu rafræn, en heimildaöflun er þó ekki síður á bókasafni skólans en á veraldarvefnum, en þar er hættan á misgóðum og misáreiðanlegum heimildum. Það læra nemendur. Það hefur sýnt sig hjá okkur að bæði kennarar og nemendur leita í og til bókasafnsins aldrei sem fyrr. Það horfir ekki til þess að bókasöfn heyri fortíðinni til, þvert á móti. Þau eru og verða upplýsingabrunnur fróðleiks, Mímisbrunnur, og ekki þarf að fórna auga fyrir. Og ekki þýðir að klippa og líma (copy/paste), hugbúnaðurinn Turnitin sér til þess, í gegnum hann eru öll verkefnaskil keyrð.

Til að veita ykkur örlitla innsýn í val nemenda þá, utan þess að geta valið kór og útivist öll árin, þá hafa nemendur á þriðja ári tók á að velja t.d. áfanga sem eru bundnir á hinni brautinni á fyrsta eða öðru ári. Þetta höfum við kallað krosstengsl brauta. Eins hafa þau m.a. val um á sínu ári samþættingaráfangana Heilbrigðisfræði, næringarfræði og matreiðslu og Lögfræði, bókfærslu, hagfræði; - Myndlist, geta þau eining valið og Ferðamálaáfanga með áherslu á ferðamál og sögu Suðurlands, Áfanga í textíl og fatagerð með tengingu við hönnun í FabLab, Áfanga í ljósmyndun, forritun, stjörnufræði, framhaldsáfanga í efnafræði, líffræði, stærðfræði, ensku, frönsku, þýsku, félagsvísindum,

sögu og svo mætti lengi telja. Eins er það nýmæli að áfangi sem ber nafnið Lokaverkefni er bundinn á þriðja ári. Hann ber keim einhverskonar ör-bakkalár-ritgerðar eða verkefnis, góð þjálfun fyrir áframhaldandi nám. En einnig hafa þau getað skilað Lokaverkefninu í formi myndbands eða búið til eitthvað verklegt svo fremi sem að nálgun og framgangur verksins, hönnun og vinnulag sé tíundað af þeim í framsettri skýrslu. Þau kynna síðan verkefni sín á opnum kynningardegi, sem reyndar þyrftu að þróast í kynningardaga .. slíkt er umfangið. Við erum enn að móta þetta en komin er tveggja anna reynsla á fyrirkomulag áfangans Lokaverkefni.

Þessa utan eru margir nemendur í tónlistarnámi við tónlistarskóla, nám sem þau fá metið sem óbundið val sé það á fjórða stigi tónlistarnáms eða herra.

Niðurstöður könnunarinnar “Stofnun ársins” hafa verið gerðar heyrumkunnar. Horft var til stjórnunar, starfsanda, launakjara, vinnuskilyrðis, sveigjanleika og sjálfstæðis í starfi, ímyndar stofnunar, ánægju og stolts og jafnréttis. Menntaskólinn að Laugarvatni raðast mjög ofarlega og mun bera titilinn “Fyrirmyndarstofnun” næsta árið. ML mældis í 5 sæti þeirra 162 stofnana landsins sem tóku þátt í könnuninni, sem Sameyki stendur fyrir, og í 4 sæti í sínum flokki (20-49 starfsmenn) af 44 stofnunum. Er þetta frábær árangur sem við erum afar stolt af.

Okkur hlotnaðist einnig þessi heiður árið 2014 og árið 2017.

Það er svo margt sem lærist í heimavistarskóla sem ML, annað en það sem er á bókina. Ævilöng vinátta myndast, hæfni í mannlegum samskiptum eflist mjög í okkar stóru fjölskyldu, heimavistarlífið er ævintýr, félagslíf, íþróttalíf og tónlistarlíf Mímis sérlega öflugt svo eitthvað sé talið. Við erum með einn öflugasta framhaldsskólakór landsins sem Eyrún okkar stjórnar, leiklistarlíf nemenda er svo einstakt að eftir er tekið og útivistaráfangarnir eru ánægjulegur kapituli út af fyrir sig. Í þessari upptalningu gæðanna get ég ekki sleppt því að minnast á þátt Pálma húsbónda og Erlu húsfreyju. Við værum ekki stödd á þeim stað í dag sem við erum með félagslífið og fyrrnefndar valgreinar ef ekki væri fyrir þau.

Já, mörg eru verkefnin. Í skólanum eru verkefnastjórar, sem eru í öðrum störfum samhliða, aðallega við kennslu. Verkefnastjórar í kerfismálum og upplýsingatækni í námi og kennslu, í jafnréttismálum, forvarnarmálum, utanumhaldi kórsins, í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli, í verkefninu Skóli á grænni grein eða Grænfánaverkefninu og í Kynningarmálum. Þar að auki aðstoð við nemendur í Gettu betur, Morfís svo og landskeppnum í hinum ýmsu námsgreinum s.s. eðlisfræði, stærðfræði, efnafræði, líffræði, þýskubraut, Boxinu, ... og svo mætti lengi telja og víst er að ég gleymi einhverju. Einnig hafa verið verkefnastjórar erlendra samskiptaverkefna þegar það hefur átt við. Áhugi og elja

verkefnastjóranna er þakkarverð. Er það eitt af því sem gerir ML að góðum skóla.

Á um það bil fimm ára fresti fer sérhver framhaldsskóli í svonefnt ytra mat. Allt er skoðað af faglegum matsmönnum sem ráðnir eru til starfa af Menntamálastofnun, skólabragur, stjórnun, kennsla, lýðræði við ákvarðantöku, námsframboð, rekstur, upplýsingastreymi, samskipti við hagsmunaaðila s.s. foreldra svo eitthvað sé nefnt. ML var í ytra mati á vorönn 2018 og liggur lokaskýrsla fyrir og er komin inn á heimasíðu Menntamálastofnunar og heimasíðu skólans. Hvet ég ykkur til lestrar. Niðurstaðan er ánægjuleg, við erum í megin dráttum að standa okkur afar vel. Ábendingar eru nokkrar um atriði sem gera má betur í kjölfar þessa rýnis til gagns, nokkur atriði sem við vissum að lagfæra þyrfti og vorum við í sumu komin þar af stað. En sem fyrr sagði, sérlega jákvæð niðurstaða.

Menntaskólinn að Laugarvatni á sér í raun ekkert tryggt bakland. Um 80% nemenda hans koma af Suðurlandi, bæði úr dreifðum byggðum og frá þéttbýliskjörnum svæðisins. Aðrir nemendur eru víða af landinu, þó fæstir að jafnaði af Norðurlandi. Aðsókn hefur flest öll ár verið góð og oft svo að við höfum ekki getað tekið við öllum. Stefnir í nú, eftir forval nemenda úr 10. bekkjum grunnskóla landsins, að svo verði einnig næsta haust en umsóknir eru, eins og staðan er í dag, 10 fleiri inn á fyrsta ár en við getum tekið við. Það er vandasamt en um leið verkefni. Fram til ársins 2022 fækkar nemendum á landsvísu sem útskrifast úr grunnskólum en eftir það fjölgar þeim hratt. Þá koma hrunbörnin!

Mannskepnan er merkileg dýrategund. En það sem ræður mestu um góða aðsókn er, að mínu mati, umsögn nemenda um skólann sinn, um kennslu og nám, um vistarlífið, félagslífið, stjórnunina, aðbúnaðinn, svo ég tali ekki um fæðið og þvottahúsið. Það skorar hátt. Þetta er lúxus, eilíf sæla !

Í dag brautskráist fjölmennasti staki úrskriftarárgangur í sögu skólans, 51 nemandi. Árin 1976, 1978 og 1997 brautskráðust 48 nemendur hvert ár, önnur ár færri.

Ég mun ávarpa nýstúdenta sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2018-2019, staðgengill skólameistara, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri.

Halldór Páll Halldórsson skólameistari